

Fyrir var tekið nr. 41/1967: Stefán Leó Hólm gegn Guðmundi Þórðarsyni.

Fyrir gerðarbeiðanda sækir þing Árni Þorbjörnsson héraðs-dómslögmaður og leggur fram nr. 1—2 fjárnámsbeiðni og endurrit af dómi.

Gerðarþoli sækir þing sjálfur.

Lögmaður gerðarbeiðanda krefst fjárnáms í eignum gerðarþola til tryggingar dómkröfunni, kr. 85.457.26, ásamt 7% ársvöxtum af kr. 27.555.67 frá 31. júlí til 31. ágúst 1966, af kr. 42.031.03 frá þeim degi til 30. nóvember 1966 og af kr. 8.457.26 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 20.835.00 í málskostnað, kr. 160.00 fyrir endurrit og birtingu auk alls kostnaðar við fjárnámið og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fógeti skoraði á gerðarþola að greiða kröfuna, en það kvaðst hann eigi geta að svo stöddu.

Þá skoraði fógeti á gerðarþola að benda á eignir til fjárnáms, og benti hann þá á hraðfrystihús sitt norðan hafnargarðs hér í bæ.

Lögmaður gerðarbeiðanda tók eign þessa gilda til fjárnáms. Fallið er frá virðingu og samþykkt, að gerðin fari hér fram í skrifstofunni.

Fógeti lýsti þá fjárnámi í téðu hraðfrystihúsi gerðarþola til tryggingar framangreindum kröfum.

Gerðarþola er kunn þýðing gerðarinnar.

---

Mánudaginn 13. janúar 1969.

Nr. 124/1968. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

**Birgi Árnasyni** (Þorvaldur Þórarinnsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fjársvik. Tékkamisferli.

**Dómur Hæstaréttar.**

Framhaldspróf hafa verið háð eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms. Ingólfur Ísebarn kom fyrir dóm og skýrði frá, að

fjárhæð tékka nr. 85203 á ávísanareikning í Verzlunarbanka Íslands h/f hafi að nokkru átt að ganga til greiðslu gjaldfallinnar húsaleigu, en að öðru leyti skyldi fjárhæðin renna til hans sem fyrirframgreiðsla húsaleigu. Tékkávisun þessa kvað Ingólfur hafa verið dagsetta þremur dögum eftir afhendingu hennar og hefði ákærði beðið um, að hún yrði ekki framseld fyrr en á dagsetningardegi. Þrjú vitni önnur komu og fyrir dóm og staðfestu skýrslur sínar í málinu.

Þá hefur verið lagt fyrir Hæstarétt bréf Seðlabanka Íslands til saksóknara ríkisins, dags. 6. janúar 1969, varðandi tékkávisanir ákærða, sem mál þetta er af risið, og kemur þar fram þetta:

1. Tékki sá, er í 1. lið ákæru greinir, að fjárhæð kr. 25.000.00, var innleystur í Seðlabankanum af framseljanda hans, Ingólfi Ísebarn.

2. Ákærði greiddi Seðlabankanum upp í tékka þann, sem 2. liður ákæru tekur til, kr. 51.000.00, en ákærða var á bæjarþingi dæmt að greiða eftirstöðvar tékkafjárhæðarinnar. Tveir nafngreindir menn tóku að sér að greiða hluta dómkröfunnar, kr. 68.274.00, en eftirstöðvarnar voru greiddar af geymslufé ákærða vegna ábyrgðar í Útvegsbanka Íslands.

3. Fjárhæð tékka þess, sem í 3. lið ákæru getur, greiddi ákærði Seðlabankanum að fullu, eins og í héraðsdómi greinir.

Samkvæmt þessu og forsendum héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 15.000.00, og laun verjanda síns, kr. 15.000.00.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Birgir Árnason, greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 15.000.00, og laun verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. apríl 1968.**

Ár 1968, miðvikudaginn 10. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni sakadómará, kveðinn upp dómur í málinu nr. 250/1968: Ákærvaldið gegn Birgi Árnasyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dagsettri 27. f. m., gegn Birgi Árnasyni framkvæmdastjóra, Háaleitisbraut 119, fæddum 24. desember 1930 að Leiðólfsstöðum í Stokkseyrarhreppi, „fyrir tékkasvik og annað tékkamisferli með því að gefa út í marz 1968 eftirtalda tékka á ávísanareikning sinn nr. 41084 í Verzlunarbanka Íslands og nota þá í viðskiptum í Reykjavík, svo sem rakið verður, án þess að innstæða væri fyrir þeim:

1. N. Nr. 85203, kr. 25.000.00, til Ingólfs Isebarn, dagsettur 4. marz. Fyrirframgreiðsla á húsaleigu ákærða til Ingólfs Isebarn, Drápuhlíð 46.

2. N. Nr. 85219, kr. 164.122.70, til Útvegsbanka Íslands, dagsettur 2. marz. Þennan tékka notaði ákærði til greiðslu hluta andvirðis vörusendingar, hurða og hurðakarma, frá Tjura Trevarefabrikk/Sagbruk, Noregi, en innheimtu andvirðisins hafði bankinn með höndum. Með afhendingu tékkans, sem tekið var við sem greiðslu, fékk ákærði í hendur afhendingarskjöl fyrir vörunni og fékk framgengt afhendingu hennar.

3. N. Nr. 85221, kr. 93.399.00, til tollstjóra, dagsettur 2. marz. Þennan tékka notaði ákærði til greiðslu aðflutningsgjalda til tollstjóraskrifstofunnar í Reykjavík af vöru þeirri, sem um ræðir í lið 2. Með afhendingu tékkans, sem tekið var við sem greiðslu, fékk ákærði í hendur skilríki um, að vegna greiðslu aðflutningsgjaldanna mætti afhenda vöruna, og fékk ákærði framgengt afhendingu hennar.

Verknaðir þeir, sem lýst er í liðum 2 og 3, þykja varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en verknaður sá, sem lýst er í lið 1, þykir varða við 261. gr. sömu laga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og sakarkostnaðargreiðslu“.

Málavextir.

Ákærði hefur fengizt við innflutningsverzlun og veitt forstöðu fyrirtækinu Hurðum & Panel h/f.

Hann hefur haft ávísanareikning nr. 41084 í Verzlunarbanka Íslands.

Ákærði greiddi Ingólfi Isebarn, Drápuhlíð 46, húsaleigu með

tékka að fjárhæð kr. 25.000.00 á reikning þennan. Tékki þessi er dagsettur 4. marz s.l. Þegar tékkinn var sýndur í banka, var búið að loka reikningnum sakir annarra tékka, er ákærði hafði áður gefið út á reikninginn umfram innstæðu, en þeim verður lýst hér á eftir. Fékkst tékki Ingólfs þannig ekki greiddur, en á reikningnum var þó innstæða að fjárhæð kr. 83.533.00, er reikningnum var lokað.

Í marzbyrjun var vörusending, sem ákærði hafði pantað, komin til landsins. Ákærði hafði ekki fé handbært til þess að leysa út vöruna og greiða af henni aðflutningsgjöld, en almennt verkfall átti að hefjast 4. marz, og vildi ákærði fyrir hvern mun ná vörunni út fyrir þann tíma. Greip hann þá til þess ráðs að nota tékka á reikning sinn, enda þótt honum væri ljóst, að næg innstæða var ekki fyrir hendi. Greiddi hann Útvegsbanka Íslands hluta af kaupverði vörunnar með tékka að fjárhæð kr. 164.122.70, dags. 2. marz, og tollstjóranum í Reykjavík aðflutningsgjöld af vörunni með tékka að fjárhæð kr. 93.399.99, dags. sama dag. Tókst honum þannig að fá vöruna afhenta.

Þegar tékkar þessir bárust greiðslubankanum, var innstæða næg fyrir hvorugum tékkanum, sbr. það sem áður var sagt. Var reikningnum þá lokað. Fé það, sem á reikningnum var, gekk til greiðslu upp í andvirði innstæðulausra tékka ákærða, og samkvæmt bréfi Seðlabankans, dagsettu 5. þ. m., var ákærði búiinn að greiða að fullu tékkann kr. 93.399.00 og kr. 51.000.00 upp í tékkann að fjárhæð kr. 164.122.70 svo og tvo smátékka, sem málshöfðun þessi tekur ekki til.

Ákærði kveðst hafa treyst því, að greiðslur, sem hann hafi átt von á, bærust á hverri stundu og gæti hann þá lagt inn á reikninginn í tæka tíð. En vonir þessar um greiðslur hafi brugðizt.

Niðurstöður.

Með notkun tékkanna, sem lýst er í ákæruliðum 2 og 3, hefur ákærði brotið gegn 248. gr. almennra hegningarlaga. Með notkun tékkans í ákærulið 1 hefur hann unnið til refsingar samkvæmt 261. gr. hegningarlaga, enda var hann, er hann notaði þann tékka, búiinn að ávísa á reikninginn langt umfram innstæðu.

Ákærði hefur 13 sinnum sætt á greiðslu sekta, þar á meðal þriggja sekta fyrir misnotkun tékka. Þá var hann 19. apríl f. á. dæmdur í 70 þúsud kr. sekt fyrir brot gegn 261. gr. hegningarlaga. Enn er þess að geta, að á árinu 1957 var ákæru á hendur honum fyrir brot gegn 261. gr. hegningarlaga frestað skilorðsbundið.

Með hliðsjón af þessum ferli ákærða og af 77. gr. almennra hegningarlaga er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Árnason, sæti fangelsi 6 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. janúar 1969.

Nr. 145/1968. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

**Elíasi Bjarna Jóhannssyni**

(Sveinn Snorrason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Sýknað af ákæru um nytjastuld og ölvun við akstur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Framhaldspróf hafa verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms. Eins og í ákæru og héraðsdómi greinir, er ákærði í máli þessu sakaður um að hafa hinn 18. nóvember 1967 að kvöldi, er dimmt var orðið, heimildarlaust og ölvður tekið bifreiðina R 22342, þar sem hún stóð mannlauus við húsið Laugarnesveg 81 í Reykjavík með lykil í kveikjulás, ekið henni á kyrrstæða bifreið þar í grennd og síðan inn á Laugalæk. Er nefndri bifreið var ekið frá Laugarnesvegi 81 með greindum hætti, þar þar að í bifreiðinni R 21933 þá Guðlaug Þór Þorsteinsson húsgagnasmíðanema og Jón Snorrason verkamann. Héldu þeir af þessu efni á lög-reglustöðina og tilkynntu atburð þenna þar kl. 1825. Í hin-